



Bankasýsla ríkisins

Dagsetning
Málsnúmer

5. apríl 2024
FJR24030068

Efni: Sjónarmið eiganda í tengslum við hluthafafund Landsbankans 19. apríl nk.

Vísað er í fyrri samskipti við Bankasýsluna í tengslum við kaup Landsbankans hf. á öllu hlutafé í tryggingafélaginu TM hf. fyrir 28,6 ma.kr. Jafnframt vísast til bréfaskipta Bankasýslunnar og Landsbankans vegna sama máls. Fram hefur komið að Bankasýslan telur bankaráð Landsbankans ekki hafa upplýst Bankasýsluna f.h. eiganda á tilhlýðilegan hátt um kaup á tryggingafélaginu í aðdraganda þeirra.

Fram hefur komið að tilboð bankans hafi verið án fyrirvara af hans hálfu. Af því verður ráðið að það kunni að vera erfiðleikum háð að viðskiptin verði látin ganga til baka eða þeim rift af kaupanda. Ekki hefur þó verið endanlega úr því skorið. Með hliðsjón af því og til að fylgja eftir fundi með stofnuninni sl. þriðjudag, vill ráðherra upplýsa að hann er sammála stjórn Bankasýslunnar um að tilefni sé til að endurskipa allt bankaráð Landsbankans. Jafnframt telur ráðherra framkomnar upplýsingar gefa Bankasýslunni f.h. eiganda 98% hlutafjár í bankanum tilefni til skoðunar á því með hvaða hætti sé unnt að losa um fyrirséð eignarhald bankans á tryggingafélaginu eins fljótt og kostur er.

Framangreind sjónarmið eru sett fram með hliðsjón af ákvæðum bæði eigandastefnu ríkisins og samnings Bankasýslunnar við bankann, varðandi annars vegar inntak upplýsingaskyldu bankaráðs og hins vegar markmiða ríkisins um eflingu samkeppni og um minnkandi eignarhald hins opinbera í fjármálakerfinu. Ráðuneytið telur umrædd 28,6 ma.kr. kaup bankans ganga í berhögg við síðarnefnda markmiðið, enda liggja ekki fyrir samstaða um sölu á sem nemur í það minnsta samsvarandi eignarhlut í bankanum.

Þess er óskað að Bankasýslan upplýsi tímanlega um afstöðu sína til framangreindra sjónarmiða. Að fengnu svari stofnunarinnar verður lagt mat á hvort tilefni sé til að beina tilmælum til stjórnar stofnunarinnar, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga um Bankasýslu ríkisins nr. 88/2009.

F.h. ráðherra

Jón Gunnar Vilhelmsson

Kristinn Hjörtur Jónasson